

Microsoft License Terms

Síðast uppfært í desember 2016

MICROSOFT – SKILMÁLAR FYRIR HUGBÚNAÐARLEYFI

WINDOWS STÝRIKERFI

BÚIR ÞÚ Í (EÐA EF AÐALSTARFSSTÖÐ ÞÍN ER Í) BANDARÍKJUNUM, SKALTU VINSAMLEGAST LESA BINDANDI GERÐARDÓMSÁKVÆÐIÐ OG AFSAL FJÖLDALÖGSÓKNAR Í KAFLA 10. ÞAU HAFA ÁHRIF Á HVERNIG ÁGREININGUR ER LEYSTUR.

Þakka þér fyrir að velja Microsoft!

Það er breytilegt eftir því hvernig þessi Windows hugbúnaður komst í þínar hendur, en þetta er leyfissamningur milli (i) þín og framleiðanda tækisins eða uppsetningaraðila hugbúnaðarins sem dreifir hugbúnaðinum með tækinu þínu, eða (ii) þín og Microsoft Corporation (eða hlutdeildarfélag, eftir því hvar þú býrð eða fyrirtæki þar sem aðalstarfsstöð þín er staðsett), hafir þú fengið hugbúnaðinn frá smásala. Microsoft er tækjaframleiðandinn fyrir tæki sem eru framleidd af Microsoft eða einu af hlutdeildarfélögum þess og Microsoft er smásalinn, hafir þú fengið hugbúnaðinn beint frá Microsoft.

Samningur þessi lýsir réttindum þínum og þeim skilyrðum sem notkun þín á Windows hugbúnaðinum er háð. Þú skalt lesa allan samninginn, þar á meðal alla viðbótarskilmála sem fylgja hugbúnaðinum og alla tengda skilmála, þar sem allir skilmálarnir eru mikilvægir og mynda í sameiningu þennan samning sem á við um þig. Þú getur skoðað tengda skilmála með því að afrita tengilinn (aka.ms/) í vafraglugga.

Með því að samþykkja þennan samning eða nota hugbúnaðinn samþykkir þú alla þessa skilmála og fellst á sendingu ákveðinna upplýsinga við virkjun og á meðan á notkun þinni á hugbúnaðinum stendur, eins og yfirlýsingin um gagnavernd sem lýst er í kafla 3 kveður á um. Fallist þú ekki á og farir þú ekki eftir þessum skilmálum er þér ekki heimilt að nota hugbúnaðinn né eiginleika hans. Þú getur haft samband við framleiðanda tækisins eða uppsetningaraðila eða smásala þinn, hafir þú keypt hugbúnaðinn beint, til að fá úr skilarétti þínum skorið og skilað hugbúnaðinum eða tækinu gegn endurgreiðslu eða inneignarnótu samkvæmt þeim skilarétti. Þér er skylt að fara eftir þeirri skilaréttarstefnu sem gæti krafist þess að þú skilir hugbúnaðinum ásamt tækinu í heild sinni sem hugbúnaðurinn er uppsettur á, gegn endurgreiðslu eða inneignarnótu, eigi slíkt við.

1. Yfirlit.

a. Gildissvið. Samningur þessi gildir um þann Windows hugbúnað sem er foruppsettur á tæki þínu, eða fenginn er frá smásala og uppsettur er af þér, þann miðil sem þú fékkst hugbúnaðinn afhentan á (ef það á við), allar leturgerðir, tákn, myndir eða hljóðskrár sem fylgja með hugbúnaðinum, og einnig allar uppfærslur Microsoft, stigbætur, viðbætur eða þjónustu fyrir hugbúnaðinn, að því undanskildu að aðrir skilmálar fylgi framangreindu. Hann gildir einnig um Windows forrit sem hönnuð eru af Microsoft og sjá um virkni á borð við póst, tengiliði, tónlist og myndir og eru innifalin í Windows og eru hluti af því. Hafi þessi samningur að geyma skilmála er varða eiginleika eða þjónustu sem ekki er að finna á tæki þínu, eiga þeir skilmálar ekki við.

b. Viðbótarskilmálar. Viðbótarskilmálar Microsoft og skilmálar þriðja aðila geta átt við um notkun þína á ákveðnum eiginleikum, þjónustu og forritum, eftir vinnslugetu tækis þíns, hvernig það er stillt og hvernig þú notar það. Vinsamlega lestu þá.

- (i) Sum Windows smáforrit veita aðgangspunkt að, eða byggjast á, þjónustu á netinu, og notkun á slíkri þjónustu er stundum háð öðrum skilmálum og stefnum um friðhelgi einkalífsins, eins og þjónustusamningi Microsoft á (aka.ms/msa). Hægt er að lesa þessa skilmála og stefnur með því að skoða þjónustuskilmála notkunar eða stillingar smáforritanna, eftir því sem við á. Ekki er víst að þjónustan sé tiltæk á öllum svæðum.
- (ii) Microsoft, framleiðandinn eða uppsetningaraðilinn getur einnig sett upp forrit sem heyra undir sérstaka leyfisskilmála og persónuverndarstefnu.
- (iii) Hugbúnaðurinn felur í sér Adobe Flash Player sem leyfi er fyrir samkvæmt eigin skilmálum frá Adobe Systems Incorporated á (aka.ms/adobeflash). Adobe og Flash eru annaðhvort skráð vörumerki eða vörumerki Adobe Systems Incorporated í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.
- (iv) Hugbúnaðurinn kann að innihalda forrit frá þriðja aðila sem eru veitt þér samkvæmt samningi þessum eða eigin skilmálum. Leyfisskilmálar, fyrirvarar og staðfestingar, sé slíkt til staðar, fyrir forrit þriðju aðila má sjá á (aka.ms/thirdpartyntices).
- (v) Að því marki sem Word, Excel, PowerPoint og OneNote eru innifalin í Windows er veitt leyfi fyrir persónulegri notkun þeirra í öðrum tilgangi en viðskiptalegum, nema þú hafir leyfi fyrir notkun þeirra í viðskiptalegum tilgangi samkvæmt öðrum samningi.

2. Uppsetningar- og notkunarréttur.

a. Leyfi. Veitt er notendaleyfi fyrir hugbúnaðinn, hann er ekki seldur. Við veitum þér rétt, samkvæmt þessum samningi, til þess að setja upp og keyra eitt tilvik hugbúnaðarins á tæki þínu (tækinu sem leyfi er fyrir), fyrir einn einstakling í einu, að því gefnu að þú farir eftir öllum skilmálum þessa samnings. Uppfærsla eða stigbót frá Microsoft eða öðrum

samþykktum veitum á hugbúnaði sem ekki er ósvikinn gerir upprunalega útgáfu þína eða uppfærða/stigbætta útgáfu ekki ósvikna og við slíkar aðstæður, hefur þú ekki leyfi til að nota hugbúnaðinn.

b.Tæki. Í samningi þessum merkir „tæki“ vélbúnaðarkerfi (hvort sem er áþreifanlegt eða sýndarkerfi) með innri geymslubúnaði sem getur keyrt hugbúnaðinn. Sneið á hörðum diskum telst vera tæki.

c.Takmarkanir. Framleiðandinn eða uppsetningaraðilinn og Microsoft áskilja sér allan rétt (þ.m.t. réttindi samkvæmt hugverkalögum) sem ekki er sérstaklega veittur í samningi þessum. Til dæmis veitir þetta leyfi þér ekki rétt til, og þér er ekki heimilt að:

- (i) nota eða sýndarvæða eiginleika hugbúnaðarins sérstaklega,
- (ii) gefa út, afrita (annað en leyfilegar öryggisafritanir), leigja, setja á leigu eða lána hugbúnaðinn,
- (iii) framselja hugbúnaðinn (nema á þann hátt sem samningurinn leyfir),
- (iv) vinna þig framhjá tæknilegum hömlum eða takmörkunum hugbúnaðarins,
- (v) nota hugbúnaðinn sem netþjónshugbúnað, fyrir hýsingu í viðskiptaskyni, gera hugbúnaðinn aðgengilegan fyrir samtímis notkun margra notenda um netkerfi, setja upp hugbúnaðinn á netþjóni og gera notendum kleift að hafa að honum fjaraðgang eða setja hugbúnaðinn upp á tæki til notkunar fyrir fjarnotendur eingöngu;
- (vi) vendismiða, bakþýða eða sundurþátta hugbúnaðinn, eða reyna það, nema og aðeins að því marki sem framangreindar takmarkanir eru (a) leyfðar samkvæmt viðeigandi lögum; (b) leyfðar samkvæmt leyfisskilmálum sem notkun íhluta með opnum kóða sem geta falist í hugbúnaðinum lýtur; eða (c) nauðsynlegar til að kemba breytingar á söfnum sem heimild er veitt fyrir samkvæmt GNU Lesser General Public License sem eru innifalín og hugbúnaðurinn tengist; og
- (vii) við notkun á eiginleikum á internetinu er þér ekki heimilt að nota þessa eiginleika á nokkurn hátt sem gæti truflað notkun annarra á þeim eða að reyna að fá aðgang að eða nota nokkra þjónustu, gögn, reikning eða netkerfi, á óleyfilegan hátt.

d. Fjölnotendaumhverfi.

- (i) **Fjölútgáfur.** Hafir þú fengið margar útgáfur af hugbúnaðinum (eins og 32-bitu og 64-bitu útgáfur), er þér aðeins heimilt að setja upp og virkja eina af þessum útgáfum í einu.
- (ii) **Fjölrása eða fléttaðar tengingar.** Vélbúnaður eða hugbúnaður sem þú notar til fjölrásunar eða fléttunar á tengingum, eða til að draga úr fjölda tækja eða notenda

sem hafa aðgang að eða nota hugbúnaðinn, dregur ekki úr þeim fjölda leyfa sem þú þarft. Þér er aðeins heimilt að nota slíkan vélbúnað eða hugbúnað hafir þú leyfi fyrir hverju tilviki þess hugbúnaðar sem þú ert að nota.

- (iii) **Tengingar tækis.** Þú mátt leyfa aðgang allt að 20 annarra tækja að hugbúnaðinum sem settur er upp á leyfðu tæki í þeim tilgangi að nota eftirfarandi eiginleika hugbúnaðar: skráþjónustu, prentþjónustu, upplýsingaþjónustu á internetinu og deilingu internettenginga og símafjarskiptaþjónustu á leyfðu tæki. Þú mátt leyfa hvaða tækjafjölda sem er að hafa aðgang að hugbúnaðinum á leyfðu tæki til að samstillja gögn milli tækja. Þessi kafli þýðir hins vegar ekki að þú hafir rétt til að setja upp hugbúnaðinn eða nota undirstöðuvirkni hugbúnaðarins (aðra en þá eiginleika sem útlistaðir eru í þessum kafla) á nokkrum af þessum öðrum tækjum.
- (iv) **Notkun í sýndarvæddu umhverfi.** Þetta leyfi veitir þér aðeins heimild til að setja upp eitt tilvik af hugbúnaðinum til notkunar á einu tæki, hvort sem það tæki er áþreifanlegt eða sýndartæki. Viljir þú nota hugbúnaðinn á fleiri en einu sýndartæki þarftu sérstakt leyfi fyrir hvert tilvik.
- (v) **Fjaraðgangur.** Þú mátt útnefna einn notanda sem notar leyft tæki raunlægt sem leyfður notandi, en eigi oftari en einu sinni á 90 daga fresti. Leyfður notandi má hafa aðgang að tækinu sem leyfi er fyrir úr öðru tæki með fjaraðgangstækni. Aðrir notendur mega á öðrum tímum hafa aðgang að tækinu sem leyfi er fyrir úr öðru tæki með fjaraðgangstækni, en aðeins á tækjum sem hafa sérstakt leyfi til að keyra á sömu eða nýrri útgáfu þessa hugbúnaðar.
- (vi) **Fjaraðstoð.** Þér er heimilt að nota fjaraðstoðartækni til að deila virkri setu án þess að fá nokkurt viðbótarleyfi fyrir hugbúnaðinn. Fjaraðstoð gerir einum notanda kleift að tengjast tölvu annars notanda beint, vanalega til að lagfæra vandamál.

e.Öryggisafrit. Þér er heimilt að gera eitt afrit af hugbúnaðinum af öryggisástæðum og þér er einnig heimilt að nota það öryggisafrit til að framselja hugbúnaðinn ef þú eignaðist hann sem sjálfstæðan hugbúnað, eins og lýst er í kafla 4 hér að neðan.

3. Persónuvernd, samþykki til notkunar á gögnum. Friðhelgi þín er okkur mikilvæg. Sumir eiginleikar hugbúnaðarins senda eða taka á móti upplýsingum þegar þessir eiginleikar eru notaðir. Hægt er að slökkva á mörgum af þessum eiginleikum í notendaviðmóti eða velja að nota þá ekki. Með því að samþykkja þennan samning og nota hugbúnaðinn samþykkir þú að Microsoft megji safna, nota og afhenda upplýsingarnar eins og lýst er í yfirlýsingu Microsoft um gagnavernd sem fá má á (aka.ms/privacy), og má vera að sé lýst í notendaviðmóti því sem tengist eiginleikum hugbúnaðarins.

4. Flutningur. Ákvæði þessa hluta eiga ekki við ef þú færð hugbúnaðinn í hendur sem neytandi í Þýskalandi eða í öðrum löndum sem talin er upp á þessari síðu (aka.ms/transfer). Í slíku tilviki

lýtur framsal hugbúnaðarins til þriðja aðila, og réttur til notkunar hans, viðeigandi lögum.

a. Hugbúnaður sem er foruppsettur á tæki. Ef þér áskotnaðist hugbúnaðurinn foruppsettur í tæki (og einnig ef þú uppfærðir úr hugbúnaði sem var foruppsettur í tæki) geturðu flutt leyfið til að nota hugbúnaðinn beint til annars notanda, aðeins á því tæki sem leyfi er veitt fyrir. Framsalið verður að fela í sér hugbúnaðinn og, fylgi hann með tækinu, ósvikinn Windows merkimiða sem inniheldur vörulýkilinn. Áður en nokkurt framsalt er leyfilegt verður hinn aðilinn að samþykkja að þessi samningur eigi við um framsalið og notkun hugbúnaðarins.

b. Sjálfstæður hugbúnaður. Ef þér áskotnaðist hugbúnaðurinn sem sérstæður hugbúnaður (og einnig ef þú uppfærðir úr hugbúnaði sem þér áskotnaðist sem sérstæður hugbúnaður) geturðu flutt leyfið í annað tæki sem tilheyrir þér. Þér er einnig heimilt að framselja hugbúnaðinn til tækis í eigu einhvers annars ef (i) þú ert fyrsti leyfði notandi hugbúnaðarins og (ii) nýi notandinn samþykkir skilmála þessa samnings. Þér er heimilt að nota öryggisafritið sem við heimilum þér að gera eða miðilinn sem hugbúnaðurinn kom á til að framselja hugbúnaðinn. Í hvert sinn sem þú framselur hugbúnaðinn nýju tæki verður þú að fjarlægja hugbúnaðinn af fyrra tækinu. Þér er ekki heimilt að framselja hugbúnaðinn í því skyni að deila leyfum milli tækja.

5. Samþykktur hugbúnaður og virkjun. Þér er aðeins heimilt að nota þennan hugbúnað ef þú hefur til þess tilskilið leyfi og hugbúnaðurinn hefur verið réttilega virkjaður með ósviknum vörulykli eða með annarri samþykktri aðferð. Þegar þú tengist Internetinu á meðan þú notar hugbúnaðinn tengist hugbúnaðurinn sjálfkrafa við Microsoft eða systurfyrirtæki þess til að virkja hugbúnaðinn í tilteknu tæki. Einnig má virkja hugbúnaðinn handvirkt um internetið eða í gegnum síma. Í hvoru tilviki um sig eru ákveðnar upplýsingar sendar og þjónustugjöld fyrir internet, síma og textaskilaboð geta gilt. Við virkjun (eða endurvirkjun sem getur verið tilkomin vegna breytinga á íhlutum tækis þíns) getur hugbúnaðurinn ákveðið að uppsett tilvik hugbúnaðarins sé eftirlíking, hafi ekki tilskilið leyfi eða hafi að geyma óheimilar breytingar. Ef virkjunin tekst ekki reynir hugbúnaðurinn að gera við sjálfan sig með því að skipta út öllum Microsoft hugbúnaði sem átt hefur verið við, fyrir ósvikinn Microsoft hugbúnað. Þú gætir einnig fengið áminningar um að verða þér úti um rétt notendaleyfi fyrir hugbúnaðinn. Það að virkjun takist er ekki staðfesting þess að hugbúnaðurinn sé ósvikinn eða með rétt leyfi. Þér er ekki heimilt að sneiða framhjá eða fara í kringum virkjun. Til að komast að því hvort hugbúnaðurinn sé ósvikinn og þú hafir rétt gilt leyfi geturðu farið á (aka.ms/genuine). Ákveðnar uppfærslur, stuðningur og önnur þjónusta er ef til vill einungis í boði fyrir notendur ósvikins Microsoft hugbúnaðar.

6. Uppfærslur. Hugbúnaðurinnleitar reglulega að kerfis- og forritauppfærslum, hleður þeim niður og setur þær upp fyrir þig. Þér er einungis heimilt að fá uppfærslur frá Microsoft og öðrum samþykktum veitum og Microsoft getur þurft að uppfæra kerfi þitt til að veita þér þessar

uppfærslur. Með því að samþykkja þennan samning samþykkir þú að taka á móti þess háttar sjálfvirkum uppfærslum án nokkurs frekari fyrirvara.

7. Réttur til eldri útgáfa. Hafir þú fengið tæki frá framleiðanda eða uppsetningaraðila með uppsettri Professional útgáfu af Windows, er þér heimilt að nota annaðhvort Windows 8.1 Pro eða Windows 7 Professional útgáfu, en aðeins svo lengi sem Microsoft veitir stuðning fyrir þá eldri útgáfu, eins og fram kemur á (aka.ms/windowslifecycle). Þessi samningur gildir um notkun þína á eldri útgáfum. Ef eldri útgáfur fela í sér ólíka íhluti gilda allir þeir skilmálar fyrir þá íhluti í samningnum sem fylgdu eldri útgáfunni um notkun þína á slíkum íhlutum. Hvorki framleiðanda né uppsetningaraðila, né Microsoft, er skylt að útvega þér eldri útgáfur. Þú verður að útvega þér eldri útgáfur sérstaklega og fyrir það gætirðu þurft að greiða gjald. Þú getur hvenær sem er skipt út eldri útgáfu fyrir þá útgáfu sem þú fékkst upphaflega.

8. Landfræðilegar takmarkanir og takmarkanir á útflutningi. Sé notkun þín á hugbúnaðinum takmörkuð við ákveðið landfræðilegt svæði, er þér aðeins heimilt að virkja hugbúnaðinn innan þess svæðis. Einnig er skylt að fara að öllum innlendum og alþjóðlegum lögum og reglum um útflutning sem eiga við um hugbúnaðinn, þ.m.t. hömlum varðandi áfangastaði, notendur og notkun. Frekari upplýsingar um landfræðilegar takmarkanir og takmarkanir á útflutningi má nálgast á (aka.ms/georestrict) og (aka.ms/exporting).

9. Stuðningur og verklagsreglur við endurgreiðslu.

a. Fyrir hugbúnað sem er foruppsettur á tæki. Hvað varðar hugbúnaðinn almennt skaltu hafa samband við framleiðanda tækisins eða uppsetningaraðila fyrir uppsetningarmöguleika. Sjá stuðningsnúmerið sem fylgir hugbúnaðinum. Hvað varðar uppfærslur og viðbætur sem fengnar eru beint frá Microsoft, getur verið að Microsoft veiti takmarkaða stuðningsþjónustu fyrir réttilega samþykktan hugbúnað eins og lýst er á (aka.ms/mssupport). Leitir þú eftir endurgreiðslu skaltu hafa samband við framleiðandann eða uppsetningaraðilann til að fá skorið úr um endurgreiðslustefnur þeirra. Þér er skylt að fara eftir þeim stefnum sem gætu krafist þess að þú skilir hugbúnaðinum ásamt tækinu í heild sinni sem hugbúnaðurinn er uppsettur á gegn endurgreiðslu.

b. Hvað varðar hugbúnað sem fenginn er frá smásala. Microsoft veitir takmarkaða stuðningsþjónustu fyrir réttilega samþykktan hugbúnað eins og lýst er á (aka.ms/mssupport). Hafir þú keypt hugbúnaðinn af smásala, ert að leita eftir endurgreiðslu og getur ekki fengið hana þar sem þú fékkst hugbúnaðinn, skaltu hafa samband við Microsoft til að fá upplýsingar um endurgreiðslustefnur Microsoft. Sjá (aka.ms/msoffices), eða í Norður-Ameríku, hringdu í (800) MICROSOFT eða sjá (aka.ms/nareturns).

10. Bindandi gerðardómsákvæði og afsal fjöldalögsóknar búir þú í (eða fyrirtæki ef aðalstarfsstöð þín er í) Bandaríkjunum.

Við vonum að það komi aldrei upp ágreiningur milli okkar en ef það gerist, samþykkja bæði þú og við að reyna í 60 daga að leysa hann á óformlegan hátt. Reynist það ómögulegt samþykkjum við og þú **bindandi gerðardóm frammi fyrir Gerðardómssamtaka Bandaríkjanna („AAA“) samkvæmt alríkislögum um gerðardóm („FAA“) og ekki að höfða mál fyrir dómara eða kviðdómi**. Þess í stað mun hlutlaus gerðardómur fella sinn úrskurð og sú ákvörðun verður endanleg að undanskildum takmörkuðum réttindum til áfrýjunar samkvæmt FAA. **Fjöldalögsóknir, fjöldameðferð fyrir gerðardómi og annar málarekstur þar sem einhver starfar sem lagalegur fulltrúi annars eru óheimil, sem og að sameina einstakar meðferðir mála án samþykkis allra aðila**. „Við“, „okkar“ og „okkur“ fela í sér Microsoft, framleiðanda tækis og uppsetningaraðila hugbúnaðar.

a. Umfjöllun ágreinings—allt nema hugverk. Hugtakið „ágreiningur“ er eins vítt og hugsast getur. Það felur í sér allar kröfur og deilur milli þín og framleiðandans eða uppsetningaraðilans, eða þín og Microsoft, varðandi hugbúnaðinn, verð hans eða þennan samning, samkvæmt nokkru lagalegu áliti er felur í sér samning, ábyrgð, skaðabótarétt, lagaboð eða reglugerð, **að undanskildum ágreiningi í tengslum við framfylgd eða réttmæti hugverkaréttinda þinna, leyfisveitenda þíns, okkar eða leyfisveitenda okkar**.

b. Sendutilkynningu um ágreining í pósti fyrst. Sé uppi ágreiningur og þjónustufulltrúar okkar geta ekki leyst úr honum, skaltu senda tilkynningu um ágreining með pósti til framleiðanda eða uppsetningaraðila, B.T.: LEGAL DEPARTMENT. Sé ágreiningur þinn við Microsoft skal senda tilkynninguna til Microsoft Corporation, B.T.: LCA ARBITRATION, One Microsoft Way, Redmond, WA 98052-6399. Segðu okkur nafn þitt, heimilisfang, hvernig hægt sé að komast í samband við þig, hvert vandamálið sé og hvað þú viljir. Eyðublað er fáanlegt á (aka.ms/disputeform). Við munum gera slíkt hið sama ef við eigum í ágreiningi við þig. Eftir 60 daga getum við eða þú vísað málinu til gerðardóms sé ágreiningurinn enn óleystur.

c. Smákröfuréttur. Í stað þess að senda tilkynningu um ágreining með pósti og ef þú uppfyllir kröfur réttarins er hægt að stefna okkur fyrir smákröfurétti í heimalandi þínu (eða ef um fyrirtæki er að ræða, staðsetningu aðalstarfsstöðvar þinnar) eða staðsetningu aðalstarfsstöðvar okkar-King County, Washington USA sé ágreiningur þinn við Microsoft. Við vonumst til að þú sendir tilkynningu um ágreining með pósti og gefir okkur 60 daga til að reyna að leysa málið en þú þarft ekki að gera það áður en þú snýrð þér að smákröfurétti.

d. Gerðardómsferli. AAA mun framkvæma alla gerðardómsmerðferð samkvæmt reglum sínum um gerðardóma í viðskiptaskyni (eða ef þú ert einstaklingur og hefur hugbúnaðinn til persónulegra nota eða heimilisnota, eða ef verðmæti ágreiningsins er \$75.000 USD eða minna, hvort sem þú ert einstaklingur eða hvernig þú notar hugbúnaðinn, reglum sínum um gerðardóma neytenda). Til að fá nánari upplýsingar, sjá

(aka.ms/adr) eða hringdu í 1-800-778-7879. Til að hefja gerðardóm, sendu eyðublaðið sem finna má á (aka.ms/arbitration) til AAA, sendu afrit til framleiðanda eða uppsetningaraðila (eða til Microsoft ef ágreiningurinn er við Microsoft). Þegar um er að ræða ágreining sem hefur verðmæti upp á \$25.000 USD eða minna, fer allur málflutningur fram í gegnum síma nema gerðardómsmaður hafi góða ástæðu fyrir því að láta málflutning fara fram í eigin persónu þess í stað. Allur málflutningur í eigin persónu mun fara fram í heimalandi þínu (eða ef um fyrirtæki er að ræða, þar sem aðalstarfsstöð þín er staðsett) eða þar sem aðalstarfsstöð okkar er staðsett—King County, Washington, sé ágreiningur þinn við Microsoft. Pitt er valið. Gerðardómsmaður getur úrskurðað þér sömu bætur sem einstaklingi og dómstóll gæti gert. Gerðardómsmaður getur úrskurðað um viðurkenningardóm eða lögbann þér til handa til að úrskurða þér í hag.

e. Gerðardómskostnaður og greiðslur.

- (i) **Ágreiningur sem snýst um \$75.000 USD eða minna.** Framleiðandi eða uppsetningaraðili (eða Microsoft ef ágreiningur þinn er við Microsoft) mun tafarlaust endurgreiða þér skráningargjöld þín og greiða þóknun AAA og gerðardómsmanns ásamt kostnaði. Ef þú hafnar okkar síðustu skriflegu sáttagerð sem gerð er áður en gerðardómsmaður er skipaður fer ágreiningur okkar alla leið til gerðardómsúrskurðar (sem kallast „gerð“), og gerðardómsmaður úrskurðar þér meira en þessi síðasta sáttagerð hljóðaði uppá, mun framleiðandi eða uppsetningaraðili (eða Microsoft sé ágreiningur þinn við Microsoft): (1) greiða hærri upphæðina eða \$1.000 USD, (2) greiða sanngjarna þóknun lögfræðings þíns, ef um slíkan er að ræða og (3) endurgreiða allan kostnað (þ.á.m. þóknun sérfróðra vitna og kostnað) sem safnast upp á sanngjarnan hátt hjá lögfræðingi þínum vegna rannsóknar, undirbúnings og umsjón kröfu þinnar fyrir gerðardómi. Gerðardómsmaður mun ákvarða upphæðina að því undanskildu að við og þú höfum komist að samkomulagi um hana.
- (ii) **Ágreiningur sem snýst um meira en \$75.000 USD.** Reglur AAA gilda um um greiðslu kostnaðar við að skjóta máli til gerðardóms ásamt þóknun og kostnað AAA og gerðardómsmanns.
- (iii) **Ágreiningur sem snýst um hvaða upphæð sem er.** Hefjir þú gerðardóm munum við ekki leita eftir greiðslu þóknunar og gjalda okkar vegna AAA eða gerðardómsmanns, né þíns kostnaðar þíns við að skjóta máli til gerðardóms sem við endurgreiddum, að því undanskildu að gerðardómsmaður úrskurði gerðardóminn lítilvægan eða hann sé í ótilhlýðilegum tilgangi. Hefjum við gerðardóm munum við greiða allan kostnað við að skjóta máli til gerðardóms, þóknun og kostnað AAA og gerðardómsmanns. Við munum ekki leita eftir þóknun

og kostnaði lögfræðings okkar við þig í nokkrum gerðardómi. Þóknun og kostnaður teljast ekki með þegar ákvarðað er hvað ágreiningur felur í sér.

f.Verður að skjóta máli til gerðardóms innan árs. Þú og við verðum að skjóta öllum málum (nema ágreiningi um hugverkarétt – sjá kafla 10.a) til gerðardóms innan eins árs frá því að fyrst var unnt að leggja málið fram. Að öðrum kosti er málið fyrnt.

g.Uppsögn. Ef afsal hóplögsóknar reynist ólöglegt eða óframfylgjanlegt hvað varðar ágreining í heild sinni eða hluta hans, mun sá hluti ekki fara fyrir gerðardóm heldur fara fyrir dómstóla og það sem eftir stendur af ágreiningnum fer fyrir gerðardóm. Reynist nokkur önnur ákvæði kafla 10 vera ólögleg eða óframfylgjanleg, munu þau ákvæði aðskilin en önnur ákvæði kafla 10 gilda áfram.

h.Misræmi við reglur AAA. Þessi samningur gildir gangi hann gegn reglum AAA um gerðardóma í viðskiptaskyni eða reglum um gerðardóma neytenda.

i.Microsoft sem aðili eða þriðju aðila rétthafi. Sé Microsoft tækjaframleiðandinn eða þá að þú hafir fengið hugbúnaðinn frá smásala er Microsoft aðili að samningi þessum. Að öðrum kosti er Microsoft ekki aðili en er þriðju aðila rétthafi samnings þíns ásamt framleiðanda eða uppsetningaraðila til lausnar á ágreiningi með óformlegum samningaviðræðum og gerðardómi.

11. Ríkjandi lög. Allar kröfur og ágreiningur sem varða þennan hugbúnað, verð hans eða þennan samning, skulu lúta lögum þess ríkis eða lands sem þú hefur búsetu í (eða þar sem það fyrirtæki þitt hefur höfuðstöðvar sínar) þ.m.t. kröfur vegna samningsbrota, kröfur sem falla undir lög um neytendavernd, samkeppnislög, lög um óbeina ábyrgð, rangláta auðgun og skaðabótarétt, án tillits til lagaskilareglna. Í Bandaríkjunum heyra öll ákvæði um málarekstur undir FAA.

12.Réttindi neytenda, breytileiki milli svæða. Samningur þessi lýsir tilteknum lagalegum réttindum. Verið getur að þú njótir annarra réttinda, þ.m.t. neytendaréttar, samkvæmt fylkis- eða landslögum þínum. Þú kannt einnig að eiga réttindi gagnvart þeim aðila sem þú fékkst hugbúnaðinn frá. Samningur þessi hefur ekki áhrif á þessi önnur réttindi þín ef lög ríkis eða lands þíns heimila það ekki. Hafir þú til dæmis fengið hugbúnaðinn á einu af neðangreindum svæðum, eða bindandi landslög gilda, þá eiga eftirfarandi ákvæði við um þig:

a. Ástralía. Tilvísanir í „takmarkaða ábyrgð“ eru tilvísanir í þá sérstöku ábyrgð sem Microsoft eða framleiðandi eða uppsetningaraðili veitir. Þessi ábyrgð er veitt til viðbótar við annan rétt og úrræði sem þú kannt að hafa í samræmi við lög, þ.m.t. rétt þinn og úrræði í samræmi við lögboðna tryggingu samkvæmt ástralskri neytendalöggjöf.

Í þessum kafla vísar hugtakið „vörur“ í þann hugbúnað sem hin sérstaka ábyrgð sem Microsoft eða framleiðandi eða uppsetningaraðili veitir á við um. Vörur okkar koma með tryggingu sem ekki má undanskilja samkvæmt ástralskri neytendalöggjöf. Þú hefur rétt

á að fá endurgreiðslu eða skipti á vöru ef meiriháttar galli kemur fram og bætur fyrir annað tap eða tjón sem er með góðu móti fyrirsjáanlegt. Þú hefur einnig rétt á að fá gert við eða skipt á vörunni ef varan er ekki af ásættanlegum gæðum og gallinn telst ekki meiriháttar galli.

b. Kanada. Þú getur stöðvað móttöku á uppfærslum á tæki þínu með því að slökkva á internetaðgangi. Ef og þegar þú tengist internetinu að nýju heldur hugbúnaðurinn áfram að leita að og setja upp uppfærslur.

c. Evrópusambandið. Takmarkanir á fræðilegri notkun í kafla 13.d(i) hér að neðan eiga ekki við í þeim lögsagnarumdæmum sem talin eru upp á þessari síðu: (aka.ms/academicuse).

d. Þýskaland og Austurríki.

(i) **Ábyrgð.** Réttilega samþykktur hugbúnaðurinn mun virka í reynd líkt og lýst er í nokkru því efni frá Microsoft sem fylgir hugbúnaðinum. Hins vegar veita framleiðandi eða uppsetningaraðili og Microsoft enga samningsbundna ábyrgð í tengslum við samþykktu hugbúnaðinn.

(ii) **Takmörkun ábyrgðar.** Þegar um er að ræða háttsemi af ásetningu, alvarlega vanrækslu, kröfur sem byggja á lögum um vöruábyrgð, sem og, þegar um er að ræða dauða eða líkamstjón, er framleiðandinn eða uppsetningaraðilinn eða Microsoft ábyrgt samkvæmt lögum.

Með fyrirvara um setninguna á undan, verður framleiðandinn eða uppsetningaraðilinn, eða Microsoft aðeins dregin til ábyrgðar fyrir minni háttar gáleysi ef framleiðandi eða uppsetningaraðili, eða Microsoft brjóti í bága við slíkar efnislegar, samningsbundnar skyldur, en uppfylling þeirra greiðir fyrir tilhlýðilegum efndum þessa samnings, en brot á þeim myndi stofna tilgangi þessa samnings í hættu og þeirri fylgni sem aðili gæti að staðaldri treyst á (svokallaðar „meginskyldur“). Hvað varðar önnur tilvik minni háttar gáleysis verða framleiðandi eða uppsetningaraðili, eða Microsoft ekki dregið til ábyrgðar fyrir minni háttar gáleysi.

e. Önnur svæði. Sjá núverandi lista um svæðisbundin frávik á (aka.ms/limitations).

13. Viðbótartilkynningar.

a. Net, gögn og internetnotkun. Sumir eiginleikar hugbúnaðarins og þjónusta sem fengin er í gegnum hugbúnaðinn geta krafist þess að tæki þitt noti internetið. Aðgangur þinn og notkun (þar á meðal gjöld) geta heyrt undir skilmála samnings við veituaðila þinn fyrir farsíma- eða internetþjónustu. Ákveðnir eiginleikar hugbúnaðarins geta stuðlað að skilvirkari aðgangi þínum að internetinu en notkunarútreikningar hugbúnaðarins geta verið frábrugðnir mælingum þjónustuaðila þíns. Þú berð ávallt ábyrgð á (i) að skilja og

fara eftir skilmálum þinna eigin áskriftarleiða og samninga og (ii) öllum álitamálum sem koma upp vegna notkunar eða aðgangs að netkerfum, þar á meðal almennum/opnum netkerfum. Þér er aðeins heimilt að nota hugbúnaðinn til að tengjast neti og til að deila aðgangsupplýsingum er varða það net, hafir þú leyfi til þess.

b. H.264/AVC og MPEG-4 sjónrænir staðlar og VC-1 myndskaiðsstaðlar. Hugbúnaðurinn getur innihaldið H.264/MPEG-4 AVC og/eða VC-1 afkóðunartækni. MPEG LA, L.L.C. krefst þessarar tilkynningar:

ÞESSI VARA ER BUNDIN LEYFI SAMKVÆMT AVC, VC-1 OG MPEG-4 PART 2 VISUAL EINKALEYFUM TIL EINKANOTA NEYTANDA OG TIL NOTKUNAR Í ÖÐRUM TILGANGI EN VIÐSKIPTALEGUM TIL ÞESS AÐ (i) KÓTA HREYFIMYND Í SAMRÆMI VIÐ OFANGREINDA STAÐLA („VÍDEO STAÐLAR“) OG/EÐA (ii) AFKÓTA AVC, VC-1 OG MPEG-4 PART 2 VÍDEÓ SEM VAR KÓTUÐ AF NEYTANDA VEGNA EINKANOTA OG Í ÖÐRUM TILGANGI EN VIÐSKIPTALEGUM OG/EÐA SEM VAR FENGIN FRÁ MYNDVEITU SEM FENGID HAFÐI LEYFI TIL ÞESS AÐ VEITA SLÍKAR HREYFIMYNDIR. EKKERT LEYFI ER VEITT NÉ SKAL VERA GEFID TIL KYNNA FYRIR NOKKRA AÐRA NOTKUN. FREKARI UPPLÝSINGAR MÁ FÁ FRÁ MPEG LA, L.L.C. SJÁ (AKA.MS/MPEGLA).

c.Vörn gegn spilliforritum. Microsoft er annt um að verja tæki þitt gegn spilliforritum.

Hugbúnaðurinn kveikir á vörn gegn spilliforritum ef önnur vörn er ekki uppsett eða hún hefur runnið út. Til að gera það verður annar spillivarnarhugbúnaður afvirkjaður eða fjarlægður, sé þess þörf.

d. Útgáfa um takmörkuðréttindi. Ef hugbúnaðarútgáfan sem þú eignaðist er merkt eða á annan hátt ætluð til tiltekinnar eða takmarkaðrar notkunar er þér aðeins heimilt að nota hana eins og kveðið er á um. Þér er ekki heimilt að nota slíkar útgáfur hugbúnaðarins í viðskiptalegum tilgangi, til aðgerða sem eru ekki í ágóðaskyni né ætlaðar til að afla tekna.

(i) **Fræðileg notkun.** Til að notkun þín flokkist undir fræðilega notkun verður þú að vera nemandi, kennari eða starfsmaður við menntastofnun þegar kaup eiga sér stað.

(ii) **Mat.** Hvað varðar notkun fyrir mat (eða próf eða kynningu), er þér ekki heimilt að selja hugbúnaðinn, nota hann í rauntíma vinnuforriti, né nota hann eftir að matstímabili lýkur. Þrátt fyrir nokkurt það sem segir hið gagnstæða í samningi þessum **er hugbúnaður fyrir mat veittur „EINS OG HANN ER“ og engin ábyrgð, bein eða óbein (þar á meðal takmörkuð ábyrgð), á við um þessar útgáfur.**

(iii) **NFR.** Þér er ekki heimilt að selja hugbúnað sem merktur er með „NFR“ eða „Not for Resale“ (Ekki til endursölu).

(iv) **Forskoðun.** Þú getur valið að nota forskoðunar-, innherja-, beta- eða aðrar forútgáfur af hugbúnaðinum („forskoðanir“) sem Microsoft kann að gera aðgengilegar. Þú mátt aðeins nota forskoðanirnar þar til hugbúnaðurinn fellur úr gildi og svo lengi sem þú ferð eftir öllum skilmálum þessa samnings. Forskoðanir eru gerðar í tilraunaskyni og kunna að vera ólíkar lokaútgáfunni að miklu leyti. Þrátt fyrir nokkurt það sem segir hið gagnstæða í samningi þessum **eru forskoðanir veittar „EINS OG ÞÆR ERU“ og engin ábyrgð, bein eða óbein (þar á meðal takmörkuð ábyrgð), á við um þessar útgáfur. Með því að setja upp forskoðanir í tækinu getur verið að þú ógildir eða hafir áhrif á ábyrgðina á tækinu og eigir ekki rétt á stuðningi frá framleiðanda tækisins eða símafyrirtækinu þínu, ef við á.** Microsoft ber ekki ábyrgð á neinu tjóni sem þú verður fyrir af þeim völdum. Ekki er víst að Microsoft veiti stuðning fyrir forskoðanir. Ef þú sendir Microsoft ummæli, tillögur eða aðrar ábendingar um forskoðunina („innsending“) veitirðu Microsoft og samstarfsaðilum þess rétt til að nota innsendinguna hvernig sem er og í hvaða tilgangi sem er.

14. Samningurinn í heild. Þessi samningur (ásamt útprentuðum leyfisskilmálum eða öðrum skilmálum sem fylgja nokkrum hugbúnaðarviðbótum, uppfærslum og þjónustu sem framleiðandi eða uppsetningaraðili, eða Microsoft veita og þú notar), og skilmálarnir sem er að vinna í veftenglum sem útlistaðir eru í þessum samningi, mynda samninginn í heild sinni fyrir hugbúnaðinn og allar slíkur viðbætur, uppfærslur og þjónustu (að því undanskildu að framleiðandi eða uppsetningaraðili, eða Microsoft veiti aðra skilmála með slíkum viðbótum, uppfærslu eða þjónustu). Þú getur lesið þennan samning eftir að hugbúnaður þinn hefur verið keyrður með því að fara á (aka.ms/usetterms) eða með því að fara í Settings - System - About inni í hugbúnaðinum. Þú getur einnig lesið skilmálana á hvaða tenglum sem er í þessum samningi með því að slá vistföngin inn í vistfangsrein vafra og þú fellst á að gera það. Þú fellst á að þú munir lesa skilmálana áður en þú notar hugbúnaðinn eða þjónustuna, þar á meðal alla tengda skilmála. Þú skilur að með því að nota hugbúnaðinn og þjónustuna staðfestir þú samning þennan og tengda skilmála. Það eru einnig fleiri upplýsingatenglar í þessum samningi. Þeir tenglar sem hafa að geyma tilkynningar og bindandi skilmála eru:

- Persónuverndaryfirlýsing Microsoft (aka.ms/privacy)
- Þjónustusamningur Microsoft (aka.ms/msa)
- Leyfisskilmálar Adobe Flash Player (aka.ms/adobeflash)

ENGIN ÁBYRGÐ

VEITT ER LEYFI FYRIR HUGBÚNAÐINUM Í TÆKINU (Þ.M.T. FORRITUNUM) „EINS OG HANN ER“. AÐ ÞVÍ MARKI ER LÖG Á HVERJUM STAÐ LEYFA BERÐ ÞÚ AÐ FULLU ÁHÆTTUNA AF GÆÐUM OG AFKÖSTUM HUGBÚNAÐARINS. SKYLDI HANN REYNAST GALLAÐUR SKALT ÞÚ BERA ALLAN KOSTNAÐ AF ÞJÓNUSTU EÐA VIÐGERÐUM. HVORKI FRAMLEIÐANDI TÆKISINS NÉ MICROSOFT BJÓÐA NOKKRA AÐRA BEINA ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR EÐA SKILYRÐI VARÐANDI HUGBÚNAÐINN. AÐ ÞVÍ MARKI SEM LÖG Á Á HVERJUM STAÐ LEYFA UNDANSKILJA FRAMLEIÐANDI OG MICROSOFT SIG ALLRI ÓBEINNI ÁBYRGÐ, Þ.M.T. VEGNA SÖLUHÆFNI, GÆÐA, NOTAGILDIS Í ÁKVEÐNUM TILGANGI OG HELGI EIGNARRÉTTAR. ÞÚ KANNT AÐ EIGA VIÐBÓTARRÉTTINDI OG LÖGBOÐNA TRYGGINGU SEM NEYTANDI SKV. LÖGUM Á HVERJUM STAÐ OG BREYTA ÞESSIR SKILMÁLAR EKKI NEINU ÞAR UM.

EF LÖG Á ÞEIM STAÐ ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ VEITA ÞÉR ÓBEINA ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR EÐA SKILYRÐI, ÞRÁTT FYRIR AÐ ÞESSI SAMNINGUR GERI ÞAÐ EKKI, TAKMARKAST GILDI ÞEIRRA VIÐ 90 DAGA FRÁ ÞVÍ AÐ FYRSTI NOTANDI FÆR HUGBÚNAÐINN Í HENDUR. RJÚFI FRAMLEIÐANDI EÐA MICROSOFT SLÍKA ÁBYRGÐ, TRYGGINGU EÐA SKILYRÐI, ER EINA VARNARÚRRÆÐI ÞITT, AÐ VALI FRAMLEIÐANDA EÐA MICROSOFT, (I) VIÐGERÐ EÐA ÚTSKIPTI Á HUGBÚNAÐINUM ÞÉR AÐ ENDURGJALDSLAUSU, EÐA (II) AÐ SKILA HUGBÚNAÐINUM (EÐA TÆKINU SEM HANN ER UPPSETTUR Í) GEGN ENDURGREIÐSLU Á ÞEIRRI UPPHÆÐ SEM GREIDD VAR, EF ÞAÐ Á VIÐ. ÞETTA ERU EINU VARNARÚRRÆÐI ÞÍN VEGNA ROFS Á ÁBYRGÐ, TRYGGINGU EÐA SKILYRÐA SAMKVÆMT ÞEIM LÖGUM SEM GILDA ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ.

AÐ ÞVÍ MARKI SEM ÞAÐ ER EKKI BANNAÐ SAMKVÆMT LÖGUM ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ GETUR ÞÚ, HAFIRÐU GRUNDVÖLL TIL AÐ FÁ SKAÐABÆTUR, AÐEINS FENGID BEINAR SKAÐABÆTUR FRÁ FRAMLEIÐANDA EÐA MICROSOFT UPP AÐ ÞEIRRI UPPHÆÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR HUGBÚNAÐINN (EÐA ALLT AÐ \$50 USD HAFIRÐU FENGID HUGBÚNAÐINN ENDURGJALDSLAUST). ÞÚ MUNT EKKI, OG AFSALAR ÞÉR RÉTTI TIL ÞESS AÐ, ENDURHEIMTA NOKKRAR AÐRAR SKAÐABÆTUR EÐA ÚRRÆÐI, ÞAR Á MEÐAL TAPAÐAN HAGNAÐ EÐA BEINAR, AFLEIDAR, SÉRSTAKAR, ÓBEINAR EÐA TILFALLANDI SKAÐABÆTUR SAMKVÆMT ÞESSUM SAMNINGI EÐA NOKKRU ÖÐRU ÁLITI. TAKMARKANIR ÞESSAR GILDA UM (I) ALLT SEM TENGIST SAMNINGI ÞESSUM, HUGBÚNAÐINN (Þ.M.T. FORRITIN), TÆKIÐ, ÞJÓNUSTUR, TRUFLUN EÐA TAP Á GÖGNUM, BREST Á SENDINGU EÐA MÓTTÖKU GAGNA, INNIHALD (Þ.M.T. KÓÐA) Á NETSÍÐUM ÞRIÐJU AÐILA EÐA Í FORRITUM ÞRIÐJU AÐILA OG (II) KRÖFUR VEGNA SAMNINGSBROTA, BROTA Á ÁBYRGÐ, TRYGGINGU EÐA SKILYRÐUM, HLUTLÆGRAR ÁBYRGÐAR, GÁLEYSIS EÐA ANNARRA SKAÐAVERKA, BROTA GEGN LÖGGJÖF, RANGLÁTRAR AUÐGUNAR EÐA NOKKRU ÖÐRU ÁLITI.

UNDANÞÁGA SKAÐABÓTA OG TAKMARKANIR Á ÚRRÆÐUM Í SAMNINGI ÞESSUM EIGA VIÐ JAFNVEL ÞÓTT ÞÚ EIGIR ENGIN ÚRRÆÐI (LEYFI ER VEITT FYRIR HUGBÚNAÐINUM „EINS OG HANN ER“), EF VIÐGERÐ, ÚTSKIPTI EÐA ENDURGREIÐSLA (KVEÐI LÖG ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ Á UM ÞAÐ) BÆTIR ÞÉR TJÓN ÞITT EKKI AÐ FULLU HAFI FRAMLEIÐANDI EÐA MICROSOFT VITAÐ, EÐA ÁTT AÐ VITA, UM MÖGULEIKA Á TJÓNI EÐA EF ÚRRÆÐI BREGST MEGINTILGANGI SÍNUM.

Hjá framleiðanda tækisins geturðu komist að því hvort ábyrgð gildi um tækið.